



Borgarráð

Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Miðflokksins um stuðning Bloomberg Philanthropies við stafræna umbreytingu Reykjavíkurborgar

Á fundi borgarráðs þann 1. júlí sl. var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Miðflokksins:

Kynnt var á borgarráðsfundi 1. júlí sl. að Bloomberg Philanthropies samtökin leggi áherslu á að skapa varanlegar breytingar á fimm lykilsviðum: Listir, menntun, umhverfi, nýsköpun stjórnvalda og lýðheilsu en Bloomberg Philanthropies veitti 1,6 milljörðum dala til þessa árið 2020. Styrkirnir í ár eru þeir fyrstu sem einbeita sér eingöngu að stafrænni umbreytingu. Bloomberg Philanthropies hefur fjármagnað svokölluð „i-teymi“ frá árinu 2011 til að aðstoða borgarstjóra við að knýja fram nýjar lausnir til að leysa þéttbýlisáskoranir 21. aldarinnar. Með fjárframlagi upp á tæplega 2,2 milljónir bandaríkjadala til næstu þriggja ára verður „i-teymi“ nú sett á laggirnar hjá Reykjavíkurborg, nýsköpunarteymi sem hjálpa mun borginni að nýta frekar gögn og stafræna tækni til að bæta opinbera þjónustu og finna skapandi leiðir til að skapa verðmæti fyrir samfélagið. Nú þegar hefur þetta verkefni kostað útsvarsgreiðendur í Reykjavík 10 milljarða. 1. Hvað hefur borgarstjóri eða borgarsjóður fengið háar upphæðir úr verkefninu miðað við 1. júlí 2021? 2. Ef engar greiðslur hafa verið inntar af hendi – hversu háar upphæðir er vonast eftir að borgarstjóri eða borgarsjóður fái í framtíðinni út úr verkefninu? 3. Nú þegar hefur verið kynnt að til standi að ráða tæplega 60 manns vegna „stafrænnar þjónustu“ hjá borginni og hér er kynnt að ráða þurfi nýja starfsmenn – geta þessir tæplega 60 manns ekki sinnt verkefninu? 4. Hvað hefur borgarstjóri og allt hans fylgdarlið farið margar ferðir til útlanda vegna Bloomberg verkefnisins? 5. Hver hefur kostaður borgarinnar verið vegna þeirra ferða að meðtöldum dagpeningum?

Fyrirspurninni var vísað til umsagnar skrifstofu borgarstjóra og borgarritara með bréfi skrifstofu borgarstjórnar þann 2. júlí 2021.

Svar við fyrirspurn:

1. 0 kr.
2. Eins og fram kemur í inngangi fyrirspurnar áheyrnarfulltrúa Miðflokksins fær borgarsjóður úthlutað 2,2 milljónum USD. Borgarstjóra er ekki eyrnamerkur hluti af styrknum.
3. Rangt er að 60 manns hafi verið ráðið vegna stafrænnar þjónustu hjá borginni. Rétt er

að til stendur að ráða tímabundið starfsfólk til að framkvæma skilgreind verkefni, sem hafa upphaf og enda, og falla undir stafræna umbreytingu. Stór hluti af þeim verkefnum hefur þegar verið kynntur fyrir borgarráði.

Með styrknum verður Reykjavíkurborg meðal annars gert kleift að ráða tímabundið í nýtt starf framtíðarfræðings eða atferlishagfræðings, starf sem ellegar væri ekki ráðið í. Þar með verður borginni gert kleift að tileinka sér og beita nýrri aðferðafræði við vinnslu verkefna sem á endanum skilar sér í bættum hag íbúa og fyrirtækja í borginni.

4. Hvorki borgarstjóri, né annað starfsfólk borgarinnar hefur farið erlendis vegna þessa verkefnis.
5. 0 kr.

Þorsteinn Gunnarsson
borgarritari